

Fundur í Betadeild mánudaginn 21. febrúar 2011.

Staðsetning: Giljaskóli

20 konur mættar þar af einn nýliði og Ingibjörg Jónasdóttir landssambandsforseti

Dagskrá.

1. Þorgerður formaður setti fundinn og bauð allar velkomnar. Ingibjörg landsambandsforseti mætti og einn nýliði í Betadeild, Fríða Pétursdóttir. Þorgerður bar kveðju frá félagskonum sem ekki gátu komið.
2. Eygló kveikti á kertum.
3. Orð til umhugsunar. María Steingríms sagði frá reynslu sinni er hún var í Hveragerði á dögnum og sat þar m.a. námskeið sem hét “Gjörhygli”. Talaði hún um innihald námskeiðsins, m. a. um að allir búi yfir árvekni sem hægt sé að þjálfa upp. Ræktun hugans, vakandi athygli (vitnaði í tákni í Kínversku) og rauninni beitingu athyglinnar á ákveðinn hátt. Hún kom inn á vefjargigt og baráttu við verki. María sagði að inntakið væri líka að taka lífinu ekki alveg svona alvarlega, taka á móti því eins og það er, vera æðrulaus. Við erum svo gjörn á að velta okkur upp úr því sem liðið er. Hvað er gjörhygli? T.d. þegar við förum út í búð til að kaupa eitthvað og komum svo heim með eitthvað allt annað? Þetta er líklega ekki gjörhygli, heldur er frekar verið að reyna að lifa í núinu. Sagði hún okkur frá athyglisverðri einbeitingaræfingu þar sem leiðbeinandinn gekk á milli og bauð fyrst 3 rúsínur. Einnig ræddi hún um hugleiðingar um okkar eigin öndun að fylgjast með henni, staldra við og hugleiða. Mjög áhrifamikil og fróðleg frásögn.
4. Landsambandsþingið: Þorgerður talaði um að það nálgist óðfluga. Yfirskrift þingsins er “Fagvitund í fyrir-rúmi”. Þingið verður í Reykjanesbæ í umsjón Þeta deildar. Ingibjörg Jónasdóttir sagði að upplýsingar og tilboð í hótél og fl. sé væntanlegt innan skamms. Þorgerður og Ingibjörg ræddu líka Evrópuþingið í ágúst. Ingibjörg sagði frá Workshop sem nokkrar konur sunnanlands verða með. Evrópuþingið verður haldið í Baden-Baden. Eygló ræddi um og dreifði blöðum frá ferðanefnd með upplýsingum um flug til Frankfurt. Flugði er ca. 48 þús.kr og svo bætist við hótélkostnaður og ferð frá flugvelli á ráðstefnustað. Sjá fylgiskjal 1. Boðið verður upp á gistingu á þingstað (campus) og er það ódýrast. Þeir eru með gistingu fyrir 134, 7-8 þúsund kr. nóttin og morgunverður fylgir. Hótel eru líka í nágrenninu nánast á lóðinni. Þingið stendur frá miðvikudegi til laugardags en svokallað Pre-conference er á þriðjudeginum. Þær sem fara, vilja gjarnan eiga einn dag fyrir þing þar sem hægt er að frílista sig, fara út að borða og o.s.frv. Ráðstefnugjald er ekki mjög mikið en ekki er enn vitað um upphæð. Endanlegur kostnaður fer að sjálfsögðu eftir hvað við þiggjum af því sem er í boði. Ferðin í heild ætti þó ekki að verða mjög dýr fyrir hverja og eina því deildin styrkir þær sem fara og hægt er að sækja um ferðastyrk til K.Í. og e.t.v. annarra stéttarféлага. Fljótlega þurfa þær sem áhuga hafa að taka ákvörðun um hvort þær fara. Nokkrar umræður urðu um væntanleg stjórnarskipti á landssambandsþingi og meðal annars bent á það hvað það er góð reynsla að vera í landssambandsstjórninni og þær sem ekki hafa reynt ættu að bjóða sig fram. Ingibjörg Jónasar upplýsti að fljótlega yrði sett á vefinn umsóknareyðublöð, þannig að konur gætu boðið sig fram til starfa í nefndum á vegum sambandsins. Það skiptir máli að vera virkar t.d. ef konur ætla að sækja um styrki á vegum samtakanna, þá þurfa þær að hafa verið virkar í þeim.

5. Þorgerður stjórnaði hópavinnu, minnti á upplýsingar um samtökin sem við fengum á fundinum í Naustaskóla í haust. Hún las upp spurningar sem við eigum að svara í hópunum síðan förum við á milli hópa.
6. Skýrsla um hópavinnuna, innihaldið, afrakstur sjá. Fylgiskjal 2
7. Umræður og niðurstöður hópavinnu ræddar.
8. Fjallað var um hvernig við getum stuðlað að vörnum gegn niðurskurði sem hugsanlega bitnar á faglegu starfi í skólum landsins. Nokkrar umræður fóru fram um stöðuna í dag og ætla stjórnin að taka þetta fyrir á sínum fundi, senda áskorun til allra deilda um að taka þetta til umræðu á fundum og til landsambandsins um að senda áskorun frá þinginu til stjórnvalda.
9. Næst fundur 24. mars verður bókafundurinn . Ekki er búið að ákveða fundarstað.
10. Ingibjörg minnir okkur á ef við erum í Reykjavík 18. mars þá er skemmtikvöld DKG kvenna í Nauthól.
11. Kaffibrauð komu þær Ingibjörg A. Guðrún og Erna með og happdrættisvinninginn að þessu sinni fékk Margrét Albertsdóttir.
12. Fundi slitið.

Ritari Þórunn Bergsdóttir